

bóð er að vinna það. En fólkinn er fyrirboðis, að kaupa sjálf eða selja nokkurn hlut.

Öll uppkæran af löndum fólksins gengur til yfirmanna. Þeir selja hana, og taka undir sig andvirðið. Hundruð og másk þúsundir karla vinna á jarnbrautum, og að öðrum stórum mikinn tíma ársins. Ált kaup sitt fá þeir hærstjórnum í hendur, sem taka við því eins og skyldingjaldi, en gefa enga viðurkenningu fyrir því. Þeir, sem vinna heima fyrir á fjölgubúinu, við músteinsgerð eða annað þess háttar, fá enga borgun, en verða að gefa skriflega viðurkenningu fyrir hverju, sem þeir fá frá yfirmönnum sínum.

Astand þeirra Doukhobors, sem komu frá Prince Albert, er aumkunarvert. Finna hundruð manna búa í tveimur húsum. Svo er að sjá á "Free Press" greininni, að rúnum sé aplegt upp í tveimur samhljóða liggandi rúðum, með 7 löta breiðum gangi alt í kring í húsinu að innan, frá vegg að rúmgöllum. Hverju rúmi er ætlað fjögur fát, og verður fólk að komast í rúmin yfir gallana. Og svo segja þeir, er sá hafa, að hús þessi séu stórum, lahari en kökur skógarhöggsmanna eða verkamanna við byggingu jarnbrauta. Allir matast við langt borð í miðju hússins.

Nokkuð af Doukhobors þeim, er flutt hafa hingað vestur, hafa ekki gefið sig undir yfirráð hana völdu foringja, en búið út af fyrir sig á löndum, sem þeir hafa fengið sér, og þeim liður að sögu allvel. Þeir hafa sína eigin uppskeru og gripastofn og ráða sjálfir yfir öllu sínu.

Nokkrir Doukhobors í Prince Albert nýlendunni yfirgáfu samfélags búskapinn þar og fóru að tæla upp á eigin reikning. En þá sendu yfirmenn Yorkton nýlendunnar sendi-ríðni til þess að fá þá til baka í félagskapinn, og lofðu þeim öllu fögru. Meðal annars því, að flytja þá í hlýrra loftslag með næsta vori.

Aður voru Doukhobors gestrisið og gæðvikið fólk, en nú er öðin

ömur. Enda er nú engin fær um að hjálpa öðrum, því fólkis er ekki sjálfjarga. Yfirmenn segja því, að flagebóðis sé í skuldum, — sé protabú, og að fólkis verði að vinna meira til þess að geta greitt skyldingjöld sín. Meðal annars er fólkinn kenda sú hagtræði, að enginn skuli eiga fleiri en eina skyrtu. Þess er getið til, að tilgangur leiðtoga muni vera sá, að losa áhangendur sína við allt lauslegt, svo að þeir hafi enga óþarfa hluti í eftirdragi, ef ská kynni, að þeir þyrftu að flytja sig til. Og það er talið ekki ósemlegt, að það sé áform, leiðtoga, að flytja heila hópinn — full sjö þúsund manna — eitthvað suður á bóginn strax og vorar, svo að kuldar ekki kveðji lífið úr fólk þessu, þó það gangi á skyrtum um vegi landsins. Þegar hópur sá kom til Prince Albert, sem þar tók bókfestu í nýlendunni, þá var strax tekið af þeim allt það smjör, sem þeir höfðu meðferðis. Þeir áttu að éta þurt brauð. Og konum var bannað að að brúka sjól með kögrum eða kniplinga slæður eða nokkuð þess háttar. Það er mælt, að margir Doukhobors séu að verða blindir, og er hungri því, sem þeir hafa hafa orðið að þola á sl. 2 árum, og það, hve sú fæða, sem þeir hafa haft hefur verið ómæltanleg og óhöll, kent um þetta ástand. Svo tættastýki or magaveiki. En allar þessar þjáningar um þessu með þólinum, og neitar algerlega að hafa nokkra lækisþjálpa, enda hefur það ekkert til að borga með.

Þetta fólk letur ekki skrásetja dauðsiðil, fæðingar eða hjónabönd, sem gerast hjá því, og gengur þannig beint í bága við lög landsins, — og engar upplýsingar eru fá anegar hjá því sjálfi um þetta atriði.

Grunur líkur á, að fjólkvæni eigi sér stað meðal fólks þessa, og eins að það hafi komið fyrir, að nokkrum einstaklingum hafi verið stettur aldur með eitri. En sannanagögn um þetta atriði, sem önnur fólk þessu viðkomandi, hafa enn ekki fengið.

Það er og mælt, að leiðtoga þeirra eigi einveldi sínu margvislega fólkinu í óhag. Til dæmis er sagt, að alt að þeir höfðu hlutur þeirra sem hús eiga í þorpum, hafi verið neyddir til að rífa niður og fara þau kungar leiðir frá því er

þau stóðu fyrir. Án þess nokkur ástæða sé gefin fyrir þessum ein-kennilegu og harðstjórnaðlegu skipunum.

Það er því engin furða, þó blaðið "Winnipeg Free Press", i enda greinar sinnar um þetta fólk, taki þeir oft áður höfðu vitjað og slit-fram, að límaðarhættir þess og harðstjórnaðlegu átti ekki að vera lifin í Canada.

Eftir dauðann.

Séra J. Patterson-Smyth, einn af markustu prestum í Canada, hákerður gálumadur, með B. D. og L. D. nafnbatur, flutti nýlega ræðu í St. Georges kirkjunni í Montreal, sem vakði hefur mikla eftirtekt hvervetna í þessu landi, fyrir þann einkennilega skilning, er höfundurinn hefur á kenningum biblíunnar, og fyrir skoðun hans á ástandi manna eftir dauðann.

Fjórðlega sagt, heldur séra Smyth fram þeirri skoðun, að enginn persóna sé í löndum árum hefur dáið frá sköpun veraldar fram á þessum dag, hafi dæmt verið af trúinni, — að enginn maður hafi ennþá komist til himnaríkis né heldur hins bústaðar. En að allir séu ennþá í millibili ástandi hinneigin grófar, þar á framhaldandi þroskastigi, til undirbúnings undir dóm sinn — á dömsdagi. Hann heldur og því fram, að í öðrum heimi sé lífið svipað mjög því, sem hér er á jörðu, og að þar muni, eins og hér, vera þroskað fyrir fólkinu, og því gerður köstur á, að iðrast og betrast, sem hér koma á mis við það og dóm í syndum sínum.

Þessi ræða er sú fyrsta af 4 samstaðum ræðum, sem prestur þessi hefur gúglast, að hann ætli að flytja um annað líf. Þessa fyrstu ræðu neður hann "Gospel of Hades".

"Gospel" segir hann þjóði gleðfregn, og "Hades" segir hann þjóði bústaður. Ræðan er því gleðfregn um bústaðinn, eða um það lífið, sem hann heldur fram, að allir verði að lifa frá þeim tíma, er þeir deyja hér á jörðu til þess tíma, er þeir ganga undir dóm á dög drottins. Sú skoðun, að þeir sem deyja, hverfi þá strax í þá sælu eða vansælu, sem þeim sé fyrirhuguð, en verði svo á dömsdagi — þúsundum, eða milliónum ára síðar — kallaðir fram til þess að ganga undir dóminn, segir hann að nái engri átt. Enda sé

það hvergi kent í ritningunni. — Himnaríki og helvíti sé í biblíunni látið tákna þá staði, sem mann-kynið komi í eftir dömsdag, en ekki fyrir. Og með því að enginn viti, hvenær sá dagur upprenni, þá sé alt það tímabil, sem lífi milli dæmdegurs manna og dömsdags, það undirbúnings tímabil, er þeim sé gefinn kostur á að fullkomnast, og búa sig undir dóm drottins á dömsdagi. Jafnvel Kristur sjálfur hafi ekki farið til himnaríkis eftir dauðann, heldur hafi hann eins og allar aðrar mannalegar verur farið til Hades, og þar sé hann starfandi að því, að undirbúa sálarnar undir dömsdag, með því stöðugt að þroska fyrir þeim framföllum, og þetta telur hann sanna það, að í lífinu eftir dauðann haldi mann-kynið öllum sínum sömu eiginleikum, sem það hefur haft hér í heimi.

"Í dag skalt þú vera með mér í Paradís", segir presturinn vera sönnun þess, að Kristur hafi vítað hvað við taki eftir dauðann. En Paradís sé ekki himnaríki, heldur umheimur þess. Enda segir hann, að Gyðingar hafi áment trúð á lífið eftir dauðann sem bíðil milli grafarinnar og dömsdags, og að allir kenningakjarni biblíunnar lúti að því:

1. Að til sé bíðil milli dauða og dömsdags, þar sem hver einstaklingur hafi ljósa og nema sjálfsmæðvitund.
2. Að allir öðlist það líf strax og þeir skilja þið þennan heim.
3. Að enginn hafi "nokkur tíma" farið til himnaríkis.
4. Að enginn hafi nokkur tíma farið til helvitis.
5. Að guð hafi ennþá aldrei dæmt nokkurn mann.
6. Að guð hafi ennþá aldrei útskýfað nokkrum manni, heldur bíði allir ennþá í "Hades". Þeir góðu, sem dáið hafi, séu þar með Kristi og séu í sálu-fyllu ástandi, — einatt að herra af honum, og einatt að þroskast til bettnar og fullkomunnar.

Þessi skóli segir hann vera undirbúnings undir alla varanlega sælu í himnaríki, þegar þeir framföllum séu búnir að ná fullkomnun.

Gyðingar — skoðuðu himnaríki, sem höll þá, er sjálfur drottinn byggir — bústað guðs. En Paradís skoðuðu þeir sem lystigard umhverfis það hús — aldngarð eða "Park". — Presturinn heldur fram þeirri skoðun, að í þessu millibili lífi haldi menn, eins og áður er sagt, öllum hertvistar eigin-

lekum sínum og muni alt um veru sína á jörðinni. En þáframt bygrar hann, að framföllum þar verði miklu meiri "en hér, og að fullkomunnarstigið verði þar því ógjafalega miklu meira.

Ræða prestsins er öll falleg og hugsjónar góðar. Hann hallast að þeirri skoðun, að allir verði um síður hölpnir, því að guð vilji ekki dauða syndugs manns. Undirbúnings tímabilið sé til þess ætlað, að gefa gjörvöllu mannkyninu kost á, að búa sig undir þá altullkomun, sem geri þá mót-tækilega fyrir alsælu í bústað drottins.

Pétur Nikulasson og Valgerður Nikulásdóttir, börn Nikulázar Péturssonar, frá Bakka í Hólmi í Skagafirði, eru vinsamlega beðin að gefa Heimskringlu tilkynningu um heimilisfang sitt.

EG MEDGENG að hafa sagt sagt OSATT í seinasta blaði, að það væru 16 stykki á prógrami skentisamkomu SKULDAR á mánudaginn. Þau eru 17 góð og gild. Eg vona, að fá eins mikinn dóm, eins og yður er mögulegt. — Eg skal aldrei gera það aftur.

Fyrir hönd nefndarinnar.
R. Th. Newland.

A. E. McKenzie Co. Ltd.

Lesendur eru beðin að lesa auglýsingu A. E. McKenzie & Co., Ltd., í Brandon, Man. Það félag er talið að hafa áreiðanlegustu fræðingundir til útsæðis sem fannlegar eru í Vestur-Canada. Lit-mynda verðlisti félagsins fyrir árið 1908 sýnir, að í vörslunum þess í Brandon og Calgary, eru allar mögulegar fræðingundir, sem bendur þurfa, og meira en það. — Ís-lenskir bændur ættu að muna eftir þessu klagi, þegar þeir kaupa fræða útsæði. Þetta fæst ekki hjá öðrum. Verzlunar orðtak þess er: "Vestran frá fyrir vesturlands bændur". "Bestu vöru með vata verði, og hrein viðskitti". — Félag þetta hefur verið með alls-kyns fræða útsæði í sl. 12 ár, og á því tímabili hefur verið þess aukist svo, að það er nú með lang stærstu fræðu klögunum í Canada. Orsökir er, að frá þess og útsæði hefur reynst betra en hjá öðrum keppingum, og hefur verið bændum betri uppskeru á hausti hverja. — Á þessu ári er það áriðandi öllum bændum, að þeir fái það útsæði eðngöngu, sem er algerlega áreiðanlegt, og það geta menn fengið með því að kaupa frá þeim A. E. McKenzie & Co. Skriflegar pantanir fljótt afgreiddar.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantid Heimskringlu í dag.

G á t a .

(Þýdd úr "Parabeln und Rötzel", eftir Schiller).

Hvað er það, sem hug að fæstir leiða? Þó hvílir það sem skart á konungsmund. Það til er búið dragna til að meða, og brandi skyldast er á marga land.

Það blóðgar ei, þó þúsund sárum særi, og sirt það ræmir, auðgar stöðugt þó; það allan hefur heim á sínu færi, og hefur líf vort jóndu, gleði og ró.

Það staði og borgir elztu reisa yann, það ríkin stærstu stofnað a láði, það aldrei stríð í heimi hefja náði, — og heill sé þeim, sem treystir því og ann.

Sauttyggur Ágústsson.

Imperial Theatre Company

OF WINNIPEG, LIMITED

LÖGDI T. 2. DES. 1907. UNDR SAMEIGNAR HLUTAFELAG ÖÐRUM MANITO A. VYLLI

Höfuðstöðin \$100,000 í 1 þúsund hlutum \$100 hver hlutur Hlutir seldir \$25,000

FYRKIS-STJORNENDUR

Thomas B. Campbell, Esq., Eigandi að Mariaggi Hotel, Winnipeg
Leonard T. Bristow, Esq., Byggingameistari í Winnipeg, Man.
John Saul, Esq., Byggingamaður í Winnipeg, Manitoba
William Manahan, Esq., Lögfræðingur í Winnipeg, Man.
Bankarar — The Traders Bank of Canada

Charles W. Sharp, Esq., Forseti May-Sharp Bygginga fel. í Winnipeg
William J. Gillman, Esq., Leikhöfudræðamaður í New York, N. Y.
John Haffner, Esq., Fasteignasali í Winnipeg, Man.
John Dobson, Esq., Kjöpmannur í Winnipeg, Man.
Lögmann — Bonnar, Hartley & Manahan

Til fjarhyggjumanna:

Af því, hve mikinn gróða þeir fá, sem eiga hluti í leikhúsum, þá er sjálfsagt það tækifæri, sem fjarhyggjumenn eiga nú kost á að njóta. Slíka hluti eiga auðmenn vanalega. En nú gefst alþýðu kostur á, að kaupa þá. Imperial Theatre klagið vill tryggja alþýðunni hlutdeild í hlutum í klagin og gróðanum af því. Það tryggir 13. betri aðsókn að húsinu, og það eykur gróða hluthafanna. Það er ástæða til að ætla, að hlutakaup í þessu félagi veiti eigendum þann mesta gróða, sem alþýða hefur nokkru sinni átt kost á. Allir leikhúsa eigendur hér hafa á hönum árum grætt frá 30 þús. til 75 þús. dollara á ári. Ver gerum ráð fyrir, að 65 prósent satanna verði fyllt 240 daga á ári, og vitum þó, að aðsóknin verður miklu meiri, því að vanalega eru leikhúsin hér töðfull daglega. Winnipeg er með bestu leikhúsborgum þessa lands. Ver gerum ráð fyrir 12—15 prósent árligum gróða af fönstæðufénu.

Hlutakaupa skilyrði

10 prócent þegar kaup gerast, 15 prócent við afhendingu hlutabréfa, 25 prócent 1. Maí 1908, 25 próc. 15. Júní 1908 og 25 próc. 1. Okt. 1908.

Imperial Theatre Co. Winnipeg.

Hlutabeiðni í Imperial Theatre Co. of W'peg, Ltd.

Ég bið hér með um..... hluti, hundruð dollara [\$100] virði hvern, í höf áðstóli "The Imperial Theatre Co. of Winnipeg, Limited," þar af hér með borga legir \$..... Eftirstöðvar eins og tekið er fram í beiðniforminu. Ég þigg ofantöldu hluti eða ferri, sem mér kunna að verða úthlutaðir.

Dagsettt þennan.....dag.....1908

Fullt nafn.....Starfskrein.....

Strætisnúmer.....Borg.....

Þessi beiðni er að gefa Express Ártíðni sem borganlegur til "The Imperial Theatre Company of Winnipeg, Limited."

Coupon Form

Þessu er að hugfandi og ósk að tryggja yður ártíðni fjarhyggju, þá skerið þessu "Coupon" út og sendið hana með pósti til "Imperial Theatre Company" og þá fáið þér ártíðni áskrá, — eða þér getið komið á skrifstofuna, Room 22, í Bank of Toronto byggingunni, Telefón 2361.

Nafn.....

Borg.....

Strætisnúmer.....